

Góðan dag og velkomin á SFF daginn.

Í dag, á þessum árlega degi Samtaka fjármálafyrirtækja, ætlum við að fjalla um með hvaða hætti fjármálageirinn geti lagt sitt af mörkum þannig að hægt verði að ná markmiði Samtaka atvinnulífsins um að Ísland verði meðal 10 samkeppnishæfustu þjóða heims innan tíu ára.

Samtök fjármálafyrirtækja, SFF, eru rödd fjármálafyrirtækjanna og málsvari þeirra. Samtökin eru regnhlífarsamtök ólíkra fyrirtækja sem starfa við tryggingar, almenna banka- og sparisjóðastarfsemi, fjárfestingabankastarfsemi, verðbréfastarfsemi og kortaútgáfu svo dæmi séu tekin. Þar af leiðandi liggja þræðirnir víða.

Aðildarfélög SFF starfa í alþjóðlegu umhverfi og því fylgjast samtökin grannt með straumum og stefnum erlendis og breytingum á regluverki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Markmið SFF er að hér á landi sé traust og öflugt fjármálakerfi. Slíkt kerfi er að okkar mati forsenda efnahagsframfara.

Við viljum byggja upp samkeppnishæft, heilbrigt, arðsamt og skilvirkt fjármálakerfi sem vinnur af heilindum og nýtur trausts. Samtökin vilja fjármálakerfi sem sinnir þörfum einstaklinga og atvinnulífs og þjónar hagsmunum íslensks samfélags. Samtökin leggja áherslu á frjálsa samkeppni og að allir búi við sömu starfsskilyrði án tillits til staðsetningar, stærðar eða eignarhalds.

Samtökin telja að með því að láta lög, reglur og starfsumhverfi hér á landi, endurspegla það sem best gerist í fjármálakerfi á Evrópska efnahagssvæðinu sé lagður grunnur að því að hérland fjármálafyrirtæki nái framangreindu markmiði og styðji um leið við markmið SA um samkeppnishæfni landsins.

Öflugt fjármálakerfi er ein af megin undirstöðum öflugs hagkerfis og þar með hagsældar til framtíðar. Samt eru margir sem - bæði leynt og ljóst - vilja veikja fjármálakerfið. Veikt fjármálakerfi sem býður óburðuga fjármálaþjónustu eykur áhættu atvinnulífsins á samdráttarskeiðum og styður ekki við hagvöxt. Þeir sem hugsa um efnahagsmál í einhverri alvöru átta sig á þessum staðreyndum.

Í umræðu á undanförunum árum hefur borið á því að menn tali annars vegar um raunhagkerfi og hins vegar fjármálakerfi. Ég tel að þetta sé ekki rökrétt framsetning og í raun hættuleg. Hún gefur til kynna að fjármálakerfið sé einhvern veginn utan við hið raunverulega hagkerfi og því sé hægt að setja á það ýmsar kvaðir og gjöld sem hafi engin áhrif á aðra en fjármálafyrirtækin sjálf. Þannig er málum ekki háttað. Allur rekstur, hvort sem er hjá heimilum, fyrirtækjum,

félagasamtökum eða stofnunum nýtir sér fjármálaþjónustu til að draga úr áhættu og kostnaði. Fjármálaþjónusta fléttast inn í virðisikeðjuna á öllum stigum. Það er í raun markleysa að tala um raunhagkerfi án fjármálamarkaða.

Góðir fundarmenn

Við lifum á miklum breytingatímum. Samfélög breytast hratt, sennilegast hraðar en nokkru sinni m.a. vegna tækniþróunar sem mótar nú mjög samskipti okkar, tíðarandinn er að breytast og það hefur áhrif á stjórn málin, á fjölmiðla, á fjármálafyrirtæki og svo má áfram telja. Það er enginn ónæmur fyrir þeim breytingum sem við lifum.

Kröfu um bættu menningu hefur verið beint að fjármálafyrirtækjum bæði innanlands og erlendis og gagnrýnendur hafa talið að þau ættu að leggja sig meira fram um að tryggja eðlilegt jafnvægi milli hagsmuna hluthafa og samfélags í heild, að skapa virði fyrir viðskiptavinum, tryggja öryggi í innra starfi og hafa áhrif á hugarfar starfsmanna. Þessi gagnrýni hefur átt rétt á sér og mikilvægt að bregðast rétt við til að byggja upp traust að nýju. Samtök fjármálafyrirtækja hafa unnið markvisst að þessum málum á undanförunum árum og sett fram siðareglur sem aðildarfélög hafa nýtt sér í sinni starfsemi.

Sagan sýnir okkur að hagsæld vex jafnan mest þar sem viðskiptafrelsi ríkir. Þetta er mikilvægt að hafa í huga nú þegar við erum að endurmeta svo margt í okkar samfélagi eftir fjármálakreppuna. Lærdómurinn má ekki vera sá, að við eigum að loka okkur af, þvert á móti þá þurfum við að stefna að opnu hagkerfi, koma okkur út úr dýrum fjármagnshöftum og tryggja aðgengi og samkeppni yfir landamæri, líka í fjármálaþjónustu. Auðvitað þarf að fara varlega við afnám hafta og auðvitað þarf að tryggja að afnámið ógni ekki efnahagslegum stöðugleika á Íslandi. Að fara varlega er á hinn bóginn ekki það sama og að aðhafast lítið sem ekkert. Vonandi fer að hilla í ákveðin og markviss skref í afnámi hafta.

Eins og öllum hér má vera ljóst þá er unnið af miklum krafti á Evrópska efnahagssvæðinu að því að endurmóta alla eftirlitsumgjörð og regluverk fyrir fjármálafyrirtæki, og þær breytingar ná einnig hingað. Margt af þessu er til framfara en huga þarf að því að ekki sé gengið of langt og þetta snúist ekki upp í andhverfu sína og samkeppnisstaða þeirra hagkerfa sem þó stóð til að efla, verði lakari en ella. Það hefur því miður borið nokkuð á því hér á landi að gengið hafi verið lengra en þekkist annarsstaðar með séríslenskum og íþyngjandi reglum og skilyrðum um fjármálastarfsemi. Slíkt gerir samkeppnisstöðu Íslands lakari en hún þyrfti að vera.

Nýjar reglur á fjármálamarkaði miða að því að treysta efnahag og fjárhagslegan styrk fjármálafyrirtækja en leggja þeim jafnframt skyldur á herðar um að gjörþekkja viðskiptavininn og

á sama tíma uppfylla upplýsingagjöf til eftirlitsaðila. Innleiðing er einungis möguleg með því að nýta upplýsingatækni með skilvirkum hætti þar sem það er áskorun að safna saman og vinna úr miklu gagnamagni á hagkvæman hátt um leið og tryggja verður öryggi og persónuvernd. Lítið þjóðfélag, með lítil fyrirtæki í alþjóðlegu samhengi verður að bera gæfu til þess að heimila að fyrirtæki vinni saman að slíkum þáttum. Verði það ekki gert mun kostnaður við fjármálakerfið einfaldlega vaxa og vaxa.

Við upplifum nú byltingu í stafrænni tækni. Netið, símar og snjalltækni breyta neysluhegðun með miklum hraða og til marks um þróunina þá fóru tengingar við slík tækni fram úr fjölda jarðarbúa á síðasta ári. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa dregist aftur úr nágrannalöndunum í nýtingu á tækni enda höfum við verið upptekin við annað síðustu árin. Það er ljóst að fjármálaþjónusta mun í vaxandi mæli færast á netið og byggja á stafrænni tækni og um leið þarf að gæta sérstaklega að öryggismálum. Nauðsynlegt er að löggjöf hér á landi varðandi netglæpi verði færð til nútímans.

Góðir gestir

Stjórn SFF hefur lagt fram þau verkefni sem verða í forgangi hjá samtökunum á næstunni.

Samtökin og aðildarfélag þess hafa verulegar áhyggjur af séríslenskum lögum og reglum sem íþyngja íslenskum fjármálafyrirtækjum umfram það sem gerist í öðrum löndum. Ríkisstjórn Íslands hefur boðað að hún ætli að endurskoða regluverk atvinnulífsins með einföldun og aukna skilvirkni fyrir augum. SFF telja að slík hugmyndafræði eigi erindi á fjármálamarkað eins og annarsstaðar í atvinnulífinu.

Við höfum lagt að stjórnvöldum að huga vel að því að hér á landi verði ekki þrjónað við reglur og lög þannig að kostnaður og flækjur aukist, því það muni eingöngu leiða til þess að samkeppnisstaða íslenskra fjármálafyrirtækja muni versna sem á endanum kemur niður á heimilum og atvinnulífi í landinu.

Jafnframt hafa SFF beint því til stjórnvalda að vinda ofan af þeim íþyngjandi reglum sem innleiddar hafa verið hér á undanförunum árum og lagt til umbætur á starfsumgjörð íslensks verðbréfamarkaðar. Það ætti að falla að markmiðum ríkisstjórnarinnar að vinna að breytingum í þessum anda.

Barátta gegn háum sköttum og gjöldum sem beinast sérstaklega að fjármálakerfinu er einnig forgangsmál. Einn af lykilþáttum samkeppnishæfni er skattaumhverfið. Sé það ekki sanngjarnt og hagfellt grefur það undan samkeppnishæfni efnahagslífsins. Hærri skattar á laun, á skuldir og aukalegur tekjuskattur eru allt nýir skattar á fjármálafyrirtækin – sem á sama tíma greiða stöðugt hærri upphæðir fyrir eftirlit með starfseminni.

Samkvæmt mati Samtaka fjármálafyrirtækja þá munu aðildarfélögin greiða tæplega 40 milljarða króna í opinber gjöld á þessu ári, sem er um 30% hækkun frá síðasta ári. Þetta er tvöfalt hærra upphæð en aðildarfélögin greiddu árið 2007, en þá var bankakerfið átta sinnum stærra en það er í dag. Af þessari upphæð greiða aðildarfélögin ríflega 16 milljarða króna í ótekjutengd gjöld eða tólf milljörðum króna meira en þau gerðu árið 2007. Hvernig sem á það er litið er hér um mjög þunga skattbyrði að ræða og mun meiri en þekkt annars staðar í Evrópu. Eitt er að skattleggja sannanlegan hagnað af starfsemi, en öðru máli gegnir um ótekjutengd gjöld og háa skatta af skuldum eins og fjármálafyrirtækjum er gert að greiða.

Sértækir og háir skattar munu til lengdar lenda á viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna.

Annað mál sem stjórn SFF hefur sett í forgang er efling fjármálafræðslu í skólum. Samtökin hafa undanfarin ár stigið mikilvæg skref í þessum efnum, m.a. með frumkvæði að stofnun stýrihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um fjármálalæsi sem var ætlað að finna leiðir til að efla fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Sá hópur skilaði af sér skýrslu til ráðherra í ágúst.

Til að styðja við þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað er á vegum SFF unnið að verkefni sem miðar að því að útbúa einfalt og aðgengilegt fræðsluefni sem nýst getur í efstu bekkjum grunnskóla. Verkefnið ber heitið Fjármálavit. Í mars á næsta ári munu starfsmenn aðildarfélaga SFF heimsækja 10. bekki nokkurra grunnskóla á landinu til að fræða krakkana um fjármál og leiðbeina kennurum um hvernig hægt er að nota hið nýja fræðsluefni. Þetta verður hluti af Evrópskri peningaviku sem Evrópsku bankasamtökin standa að. Fyrirmynd peningavikunnar kemur frá Hollensku bankasamtökunum sem haldið hafa árlega peningaviku þar í landi síðustu ár við góðar undirtektir nemenda og kennara. "Að ósi skal á stemma" segir í Snorra- Eddu. Það er von okkar sem stöndum að SFF að innan fárra ára muni allir skólar landsins eiga greiðan aðgang að og nýti gott námsefni á þessu sviði þannig að fjármálalæsi íslensku þjóðarinnar eflist til framtíðar.

Góðir gestir

Það eru mörg tækifæri hér á landi til að efla atvinnulífið. Til að styðja við jákvæðu þróun og tækifæri þarf öflugan fjármálamarkað. Þar er enn verk að vinna en samt sem áður er fjármálageirinn hér á landi um margt betur settur en víða í Evrópu. Bankakerfið býr að sterkri fjárhagsstöðu, tekist hefur að laga stöðu viðskiptavina mikið og vanskil fara jafnt og örugglega lækkandi. Í Evrópu er þessu öfugt farið, þar keppast bankar við að bæta sína eiginfjárstöðu og vanskil fara víða hratt vaxandi.

Íslensku tryggingafélögin hafa gengið í gegnum breytingar á sínu eignarhaldi og mörg þeirra eru nú skráð í kauphöll. Stóru bankarnir eru að þessu leyti á eftir tryggingarfélagunum og eignarhald þeirra þarf að breytast á næstu árum.

Vinna þarf óhikað að því að efla fjármálamarkaðinn hér á landi. Til þess þarf samstarf margra, innan greinar jafnt sem utan.

Meginverkefni samtakanna og einstakra fjármálafyrirtækja framundan eru þessi:

- Veita öflugra fjármálaþjónustu og stuðla að samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og hagvexti til framtíðar
- Vinna gegn íþyngjandi lögum, sköttum og reglum á íslenskum fjármálamarkaði
- Auka samkeppnisstyrk greinarinnar með hagkvæmni og skilvirkni
- Innleiða fjölda nýrra laga og reglna á næstu árum
- Vinna áfram að því að byggja upp traust
- Tryggja fyrsta flokks stafræna afkastagetu og nýta tæknina með hagkvæmum og öruggum hætti
- Efla fjármálalæsi íslensku þjóðarinnar

Að lokum – traust og öflugt fjármálakerfi er forsenda efnahagsframfara og þess að atvinnulíf og heimilin í landinu njóti góðrar fjármálaþjónustu – að þessu vilja Samtök fjármálafyrirtækja vinna.

Takk fyrir.